

Ársskýrsla Lagastofnunar Háskóla Íslands 2025

Meginhlutverk Lagastofnunar felst í rannsóknum og tengdri fræðilegri útgáfu á sviði lögfræði, en stofnunin gefur m.a. út ritröð (nú 20 hefti) og önnur rit um ýmis réttarsvið. Lagastofnun tekur einnig að sér þjónustuverkefni fyrir opinbera aðila og einkaaðila, t.d. ritun skýrsla og álitsgerða, og stendur fyrir fræðslunámskeiðum, ráðstefnum og málþingum um lagaleg efni.

Á vegum Lagastofnunar eru starfræktar rannsóknastofur á einstökum sviðum lögfræðinnar. Á árinu 2025 voru þær fimm talsins, þ.e. rannsóknastofur í Evrópurétti, norðurslóðarétti, refsirétti, stjórnsýslurétti og umhverfis- og auðlindarétti. Yfir hverri stofu er sérstök stjórn sem mótar stefnu um starfsemi þeirra og stýrir þeim verkefnum sem þær fást við á hverjum tíma.

Friðrik Árni Friðriksson Hirst, aðjúnt og doktorsnemi við lagadeild, var framkvæmdastjóri Lagastofnunar á árinu 2025. Í upphafi árs 2025 skipuðu stjórn Lagastofnunar Aðalheiður Jóhannsdóttir prófessor, sem var formaður stjórnar, Trausti Fannar Valsson dósent, sem var varaformaður stjórnar, Kári Hólmar Ragnarsson dósent, Víðir Smári Petersen prófessor, og Silja Rán Arnarsdóttir lögfræðingur. Ný stjórn var skipuð í Lagastofnun í nóvember 2025 og tók þá Hrafnhildur Bragadóttir lögfræðingur sæti í stjórninni sem fulltrúi tilnefndur af Orator, félagi laganema, í stað Silju Ránar. Jafnframt var ákveðið á fundi nýrrar stjórnar, sem haldinn var í kjölfarið, að Trausti Fannar yrði formaður stjórnarinnar og Kári Hólmar varaformaður, en að öðru leyti urðu ekki breytingar á stjórninni. Jafnframt voru Hrefna Dögg Gunnarsdóttir lektor og Sigmar Aron Ómarsson lögfræðingur skipuð varamenn í stjórninni að nýju.

Hinn 9. október 2025 hélt Lagastofnun [alþjóðlega ráðstefnu um fullveldi og náttúruauðlindir](#), í samstarfi við Ragnheiði Elfu Þorsteinsdóttur lektor við HA og doktorsnema við HÍ. Meðal fyrirlesara voru Nico Schrijver, prófessor emeritus við háskólann í Leiden, en hann hefur verið leiðandi í rannsóknum á fullveldi ríkja yfir auðlindum sínum og auðlindastjórnun og Richard Barnes, prófessor við Lincoln-háskóla, sem er m.a. þekktur fyrir rannsóknir sínar á eignarrétti yfir auðlindum og rétti ríkja til nýtingar sjávarauðlindarinnar.

Opnunarerindi hélt Guðni Th. Jóhannesson, prófessor og fyrrverandi forseti Íslands. Aðrir fyrirlesarar voru Hafsteinn Dan Kristjánsson, prófessor við HR, Kristinn Már Reynisson, lögfræðingur SVÞ, Páll Þórhallsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, lektor við HA, og Snjólaug Árnadóttir, dósent við HR.

Ráðstefnunni lauk með erindi Daða Más Kristóferssonar fjármála- og efnahagsráðherra. Ráðstefnustjórar voru Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við HÍ, og Kári Hólmar Ragnarsson, dósent við HÍ. Ráðstefnan var á ensku. Hér má finna [upptöku frá ráðstefnunni](#).